

**19** Skulu orðuveitingar aðallega fara fram á nýársdag og 17. júní. Þó má eigi  
28. febr. veita fleiri en 10 heiðursmerki hvorn daginn, en hin þegar henta þykir, eitt eða fleiri í senn.

Þótt orðuveitingar til Íslendinga samkvæmt tillögum orðunefndar séu hér með takmarkaðar samkv. 1. mgr. þessarar greinar, er eigi með því skertur réttur stórmeistara til orðuveitinga samkvæmt 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1956.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

**20**

1. marz

## L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

259. gr. laganna orðist svo:

Hver, sem heimildarlaust notar bifreið annars manns, flugfar, skip eða önnur vélknúin farartæki, skal sæta varðhaldi, fangelsi allt að 4 árum eða sektum, ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru.

Ef maður notar ella hlut annars manns heimildarlaust og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 2. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. marz 1956.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.